

Morgunblaðið



Alþjóðleg teiknisamkeppni
fyrir börn

Sköpunar- kraftur barna virkjaður á Menningarnótt

Borgarbókasafn Reykjavíkur stendur fyrir teiknismiðju fyrir börn á aldrinum 3-14 ára á Menningarnótt. En safnið er eitt þeirra fjölmörgu stofnana og félaga um allan heim sem hafa tekið höndum saman við ítölsku samtökin Fondazione Malagutti onlus. Myndirnar sem búnað verða til í smíðjunni verða sendar í alþjóðlegu teiknisamkeppnina Colorful Rights sem er á vegum samtakanna.

„Verkefnisstjóri keppinnar á Ítalíu skrifaði á Facebooksíðu safnsins og vakti athygli okkar á þessu. Á sama tíma vorum við einmitt farin að huga að efni fyrir Menningarnótt. Við höfum lagt áherslu á að hafa eitthvað í boði fyrir börn og fannst þetta tilvalið. Við svörðum því um hæl og sögðumst vilja taka þátt. Við sjáum um teiknismiðju og að senda myndirnar út til þeirra en allar myndirnar



Morgunblaðið/Eggert

Sögustund Áhersla er lögð á dagskrá fyrir börn á Menningarnótt.

úr smíðjunni verða sjálfkrafa með í keppninni,” segir Guðríður Sigurbjörnsdóttir verkefnastjóri Borgarbókasafns Reykjavíkur.

Fondazione Malagutti onlus samtökin eru mannúðarsamtök á Ítalíu sem reka munaðarleysingjahæli og er samkeppnin einn angí af þeirra starfssemi.

Fondazione Malagutti onlus hefur staðið fyrir þessari alþjóðlegu teiknisamkeppni frá árinu 2001 og er tilgangur keppinnar að vekja athygli á

Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindum barna almennt. Í ár er sérstök áhersla lögð á 19. og 20. grein sáttmálans en þær fjalla um vernd gegn ofbeldi og vanrækslu og umönnun barna utan fjölskyldu. Þrátt fyrir þessar áherslur er þátttakendum frjálst að teikna það sem hugur þeirra stendur til. Smíðjan stendur yfir í tvo klukkutíma en leiðbeinendur verða listamennirnir og kennararnir Erna G. Sigurðardóttir og Kristín Arngrímsdóttir. Rétt er að geta þess að for-



Ítölsk Íslensk börn taka þátt í teikni-
myndasamkeppninni Colorful Rights.

eldrar verða að skrifa undir ákveðið plagg sem fylgja þarf hverri mynd. Tilkynnt verður um vinningshafa 25. nóvember í Mantova á Ítalíu og hlýtur hinn heppni vikuvöl fyrir þrjá í Evrópu.

Nánari upplýsingar má finna á: www.drittiaicolori.it.

„Þetta er ætlað til að virkja sköpunarkraftinn og við hlökkum til að taka á móti börnunum. Það er alltaf hátíðarstemning hér hjá okkur á Menningarnótt og nóg um að vera í húsinu,” segir Guðríður.